



Akureyri 18. október 2021

Til stjórnar Akureyrarstofu

Stjórn fjallahlaupsins Súlur Vertical vill með erindi þessu óska eftir samstarfi við Akureyrarbæ um framkvæmd hlaupsins næstu þrjú ár, 2022, 2023 og 2024.

Á haustmánuðum 2019 var hrundið af stað metnaðarfullum áætlunum um uppbyggingu hlaupsins, til stóð að halda það með breyttu sniði árið 2020 en urðu þau áform að engu vegna samkomutakmarkana.

Stjórn lét þó ekki deigan síga og hélt ótrauð áfram undirbúningu fyrir árið 2021. Meðal annars náðust samningar við Akureyrarbæ um stuðning við hlaupið sem var því mjög mikilvægur. Gert hefur verið grein fyrir þeim samningi í greinargerð til Akureyrarstofu.

Undirbúingur fyrir hlaupið 2022 stendur nú yfir, stjórn stefnir á að samningar við helstu samstarfsaðila nái til næstu þriggja ára.

Stjórn Súlur Vertical óskar samningi/samþykki Akureyrarbæjar á eftirtöldum atriðum, í einhverjum tilfellum skv. nánari útfærslum:

1. Lokun Göngugötunnar og heimild til að hafa endamark hlaupsins og þann búnað sem þörf er á í göngugötunni með svipuðum hætti og í ár
2. Tekið verði tillit til dagskrár Súlur Vertical í öðrum viðburðum er bærin hefur aðkomu að
3. Götulokanir til að greiða leið keppenda í gegnum bæinn
 - a. Lokanir 2021 reyndust all flestar vel en endurmeta þarf þörf og útfærslur í samstarfi bæjaryfirvalda, hlaupahaldara og lögreglur
4. Akureyrarbæjar tryggi salernisaðstöðu fyrir keppendur á eftirfarandi stöðum
 - a. Rásmark í Kjarnaskógi
 - b. Drykkjarstöð við Súlubílastæði
 - c. Endamark í göngugötu
5. Lán og flutningur á búnaði vegna mótahalds
 - a. v/götulokana
 - b. v/ stýringa og hólfunar í rás og endamarki
 - c. Fánaborgir
6. Samstarf um varanlegar merkingar hlaupaleiðar á Glerárdal og í Hlíðarfjalli.

Stjórn telur enn að með góðri framkvæmd, ötulli markaðssetningu og góðu veðri um verslunarmannhelgina séu allar forsendur til þess að markmið um fjölda keppenda sem setta hafa verið fram náist á næstu 4-5 árum. Þau eru að keppendur verði 3.500.



Stjórn Súlur Vertical óskar eftir fundi með forsvarsmönnum Akureyrarstofu um erindið til að ræða nánar.

Stjórn Súlur Vertical vill að lokum koma fram ánægju sinni um fyrirætlanir Akureyrbæjar um að lagfæra stíg á Glerárdal en bendir á að vanda þarf til verka og tryggja að lega og lögun hans verði með sem náttúrlegustum hætti.

Nánari upplýsingar veitir

Birkir Baldvinsson - Gjaldkeri Súlur Vertical
843-4118